



**ORKUSTOFNUN**

**RANNSÓKNASVIÐ - Reykjavík, Akureyri**

# **Þyngdarmælingar á Hengilssvæði árið 2002**

**Ingvar Þór Magnússon**

**Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur**

**2002**

**OS-2002/052**





**ORKUSTOFNUN**

Rannsóknasvið

Verknr. 8-730009

**Ingvar Þór Magnússon**

## **Þyngdarmælingar á Hengilssvæði árið 2002**

**Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur**

**OS-2002/052**

**Nóvember 2002**

ORKUSTOFNUN – RANNSÓKNASVIÐ

Reykjavík: Grensásvegur 9, 108 Reykjavík – Sími: 569 6000 – Fax: 568 8896  
Akureyri: Sólborg v/ Norðurslóð, 600 Akureyri – Sími: 463 0957 – Fax: 463 0999  
Netfang: [os@os.is](mailto:os@os.is) – Veffang: <http://www.os.is>

|   |   |   |
|---|---|---|
| <b>Skýrsla nr:</b><br>OS-2002/052   | <b>Dags:</b><br>Nóvember 2002                     | <b>Dreifing:</b><br><input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til |
| <b>Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill:</b><br>Þyngdarmælingar á Hengilssvæði árið 2002  | <b>Upplag:</b><br>35                              |   |
|   | <b>Blaðsíður:</b><br>30                           |   |
| <b>Höfundar:</b><br>Ingvar Þór Magnússon  | <b>Verkefnisstjóri:</b><br>Benedikt Steingrímsson |   |
| <b>Gerð skýrslu / Verkstig:</b><br>Mæliniðurstöður, reglubundið eftirlit  | <b>Verknúmer:</b><br>8-730009                     |   |
| <b>Unnið fyrir:</b><br>Orkuveitu Reykjavíkur  |   |   |
| <b>Samvinnuaðilar:</b>  |   |   |
| <b>Útdráttur:</b><br>Greint er frá þyngdarmælingum í 40 mælistöðvum á Hengilssvæðinu sumarið 2002. Mælingarnar eru gerðar til að fylgjast með breytingum á vinnslusvæðum Orkuveitu Reykjavíkur. Áhersla var lögð á að mæla þyngd í stöðvum þar sem GPS-mælingar voru gerðar fyrr um sumarið. Nokkrum mælistöðum á Hellisheiði var bætt við mælnetið. Niðurstöður mælinganna sýna óverulegar þyngdarbreytingar frá 2000. |   |   |
| <b>Lykilorð:</b><br>Hengill, Nesjavellir, Hellisheiði, þyngdarmælingar, þyngdarbreytingar.  | <b>ISBN-númer:</b>                                |   |
|   | <b>Undirskrift verkefnisstjóra:</b>               |   |
|   | <b>Yfirfarið af:</b><br>GP                        |   |

# Efnisyfirlit

|          |  |           |
|----------|--|-----------|
| <b>1</b> | <b>Inngangur</b>                                     | <b>5</b>  |
| <b>2</b> | <b>Framkvæmd</b>                                     | <b>7</b>  |
| 2.1      | Yfirlit yfir mælingar sumarið 2002 . . . . .         | 7         |
| 2.2      | Tækishæð og stillingar þyngdarmælis . . . . .        | 7         |
| <b>3</b> | <b>Úrvinnsla og niðurstöður</b>                      | <b>9</b>  |
| 3.1      | Nöfn mælistaða . . . . .                             | 9         |
| 3.2      | Hnit og hæðir mælistaða . . . . .                    | 9         |
| 3.3      | Yfirlit yfir úrvinnslu mælinga . . . . .             | 10        |
| 3.4      | Niðurstöður og þyngdarbreytingar 2000–2002 . . . . . | 11        |
| <b>4</b> | <b>Heimildir</b>                                     | <b>16</b> |
|          | <b>Viðauki 1: Þyngdarmælingar 2002</b>               | <b>17</b> |

## Myndaskrá

|   |   |    |
|---|---|----|
| 1 | Þyngdarmælingar 2002 – mælt net . . . . .                             | 6  |
| 2 | Þyngdarbreytingar 2000–2002 . . . . .                                 | 14 |
| 3 | Þyngdarbreytingar 2000–2002 (leiðrétt vegna hæðarbreytinga) . . . . . | 15 |

## Töfluskrá

|   |   |    |
|---|---|----|
| 1 | Scintrex CG-3M, stillingar . . . . .                      | 8  |
| 2 | Dæmi um heiti mælistöðva . . . . .                        | 9  |
| 3 | Helstu forskriftir við úrvinnslu þyngdarmælinga . . . . . | 10 |
| 4 | Niðurstöður þyngdarmælinga 2002 . . . . .                 | 12 |
| 5 | Leiðréttingar og breytingar 2000–2002 . . . . .           | 13 |

# 1 Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir þyngdarmælingum Orkustofnunar fyrir Orkuveitu Reykjavíkur á Nesjavöllum og á Hellisheiði sumarið 2002. Einnig er gerð grein fyrir þyngdarbreytingum síðan árið 2000. Þyngdarmælingarnar eru gerðar til að fylgjast með breytingum á vinnslusvæðum Orkuveitunnar – en þyngdarbreytingar geta orðið vegna vinnslu jarðhitans eða jarðskorpuhreyfinga.

Þyngdarmælingar hafa verið gerðar á Hengilssvæðinu síðan 1982. Í skýrslu um mælingar árið 1998 er greint ítarlega frá þyngdarmælingum fram til þess tíma (Hjálmar Eysteinnsson 1998). Síðast voru gerðar þyngdarmælingar á mælisvæðinu haustið 2000, en vegna bilunar í þyngdarmæli voru ekki gerðar mælingar árið 2001 (Ingvar Þór Magnússon 2001).


Frá 1998 hafa árlega verið gerðar GPS-mælingar á Nesjavöllum og á Hellisheiði til að fylgjast með landbreytingum (Gunnar Þorbergsson og Guðmundur H. Vigfússon 1998; Gunnar Þorbergsson 1999, 2000, 2001 og 2002). Mældur hæðarmunur samkvæmt GPS-mælingunum er notaður til að leiðrétta þyngdarmælingar vegna landhæðarbreytinga og því mikilvægt að þessar mælingar séu gerðar á (nánast) sama tíma.

Við þyngdarmælingar nú var lögð áhersla á að þyngdarmæla í GPS-mælistöðunum frá því fyrr um sumarið. Mælingum var hagað eins og sýnt er á mynd 1, og unnið var úr mælingunum sem þyngdarmælineti, fremur en stökum tengingum, til að auka áreiðanleika niðurstaða.

# Þyngdarmælingar 2002 - mælt net

Mosfellsheiði

Þingvallavatn



Mynd 1: Þyngdarmælingar 2002 – mælt net.

## 2 Framkvæmd

### 2.1 Yfirlit yfir mælingar sumarið 2002

Sumarið 2002 var þyngdarmælt í 40 mælistöðvum við Hengil. Mælingarnar tóku 13 daga. Notaðir voru 11 góðviðrisdagar í júlí og að auki einn dagur í júní og annar í ágúst. Skýrsluhöfundur gerði mælingarnar en sumarstarfsmaður, Einar Leif Nielsen, var til aðstoðar í þrjá daga. Notaður var Scintrex CG-3M þyngdarmælir. Hann var einnig notaður í mælingunum 1998 og 2000. Eins og áður er mældur þyngdarmunur á milli mælistaða og mælingum hagað þannig að unnt sé að leiðrétta þær vegna reks í þyngdarmælinum. Þegar ferðast var milli mælistaða var þyngdarmælirinn settur á púða í aftursæti bifreiðar og festur tryggilega með öryggisbelti. Við lok mæliferðar voru gögn flutt úr þyngdarmæli á PC-tölvu og síðan á UNIX-tölvur Orkustofnunar.

Mynd 1 sýnir legu þyngdarmælistöðvanna sem mælt var í sumarið 2002. Lögð var áhersla á að gera þyngdarmælingar í neti mælistöðva og nota stöðvar þar sem GPS-mælingar voru gerðar um vorið. Mæliferðum lauk í sömu mælistöð og byrjað var í, oftast voru þetta stöðvar 5451 Skólavörðuholt, HH23 Draugatjörn, HH45 Mosfellsheiði og V2424 Suðurlandsvegur (Litla-Kaffistofan). Línur milli fastmerkja voru mældar fram og til baka í sömu mæliferð. Breiðar línur á mynd 1 sýna hvar mælt var oftast en einu sinni fram og til baka. Slitnar línur að stöð 5451 eiga aðeins að sýna að hún er ekki á réttum stað á myndinni, en stöðin er á Skólavörðuholti í Reykjavík – langt vestan við mælisvæðið og utan kortsins.

### 2.2 Tækishæð og stillingar þyngdarmælis

Við komu á mælistað er lítill þrífótur settur yfir mælingamerkið, sem oftast er merktur bolti í klöpp. Þyngdarmælirinn er lagður varlega á þrífótinn, sem fellur í gróp á botni mælisins. Síðan er mælirinn stilltur láréttur með skrúfum á þrifætinum – fyrst eru notaðir hallamælar ofan á þyngdarmælinum en síðan skynjarar, sem sýna álestur á skjá. Styttri armur vinkils (eins og notaður er við trésmíðar) er lagður á fastmerkið undir þyngdarmælinum en lengri armur vinkilsins lóðréttur með hlið hans. Á lengri arminum er kvarði með núllpunkt í kverk vinkilsins. Álestur á kvarðann við granna línu 15 mm ofan við botn þyngdarmælis er skráð sem tækishæð. Tækishæð (í mm) ásamt númeri mælistaðar er skráð í minni mælisins og mælibók. Hugsanlegt er að skrá tækishæðina sem summu nokkurra talna, eins og sýnt er hér að neðan, en það er **ekki** gert hér – höfuðatriði er að tækishæðin er alltaf mæld og skráð á sama hátt.

|         |  |
|---------|--|
| Álestur | í mm í kverk vinkils (hér jafngilt tækishæð) |
| +32 mm  | breidd skammáss vinkils                      |
| -15 mm  | hæð viðmiðunarlínu yfir botni þyngdarmælis   |
| +98 mm  | hæð 'þyngdarmiðju' mælis yfir botni hans     |
| Samtala | ekki notuð hér                               |

Tafla 1: *Scintrex CG-3M*, stillingar.

|  |     |
|--|-----|
| Leiðrétt vegna þyngdaráhrifa tungls og sólar (tide correction) <sup>1)</sup> | nei |
| Mæling endurtekin sjálfvirkt (auto repeat)                                   | nei |
| Sjálfvirk skráning mælinga (auto record)                                     | nei |
| Jarðskjálfta-sía (seismic filter)  | já  |
| Mælitími í sekúndum (read time)  | 60  |
| Leiðrétt vegna hallabreytinga (continuous tilt correction)                   | nei |
| Útlögum hafnað (auto reject)   | já  |

<sup>1)</sup> Gert síðar við úrvinnsluna

Að lokinni uppstillingu þarf að bíða í um 5 mínútur á meðan mælirinn nær jafnvægi. Sá tími er notaður til að mæla og skrá tækishæð ásamt upplýsingum um mælistað í mælibók. Mælitími var 1 mínúta, en á mælitímanum er gerð mæling á sjálfvirkan hátt á sekúndu fresti. Mælingu er hafnað víki hún meira en  $4\sigma$  frá meðaltalinu. Við hverja mælingu birtist uppsafnað meðaltal og staðalfrávik ( $\sigma$ ) á litlum skjá. Í lok mælitíma er álestur skráður í minni þyngdarmælisins og í mælibók. Mæling í hverri mælistöð tók oft 10–15 mínútur. Álestrar voru jafnan 4, en stundum voru gerðar fleiri mælingar, t.d. ef skipta þurfti um rafhlöður. Stillingum þyngdarmælis var hagað eins og sýnt er í töflu 1.

## 3 Úrvinnsla og niðurstöður

### 3.1 Nöfn mælistaða

Scintrex þyngdarmælir leyfir aðeins tölustafi í heiti mælistöðva, en flestir mælistaðir hafa bæði bókstafi og tölustafi í nafninu. Þetta skilyrði var uppfyllt með því að gefa öllum stöðvum 'gervinúmer' áður en mælingar hófust. Stöðvar, sem hafa bókstafi auk tölustafa í heiti, fengu tölustafina 94–99 í stað bókstafanna (t.d. HH45 → 9945). Í töflu 2 eru sýnd dæmi um nöfn mælistaða og hvernig stytt heiti og 'gervinúmer' eru mynduð. Í töflum og á myndum í þessari skýrslu eru notuð stytt nöfn mælistaða.

Tafla 2: *Dæmi um heiti mælistöðva.*

| Fullt nafn | Stytt nafn | Númer        |
|------------|------------|--------------|
| DU25       | DU25       | <b>9425</b>  |
| AU216      | AU216      | <b>95216</b> |
| NE058      | NE058      | <b>96058</b> |
| VR94304    | VR304      | <b>97304</b> |
| OS–NV33    | NV33       | <b>9833</b>  |
| OS–HH45    | HH45       | <b>9945</b>  |
| HV1401     | H1401      | <b>1401</b>  |

### 3.2 Hnit og hæðir mælistaða

Lýsingar mælistaða eru í skýrslum Orkustofnunar um GPS–mælingar á Hengilssvæði (Gunnar Þorbergsson og Guðmundur H. Vigfússon 1998; Gunnar Þorbergsson 1999, 2000, 2001 og 2002). Hnit, sem fengust með niðurstöðum GPS–mælinga vorið 2002, voru notuð við úrvinnslu þyngdarmælinganna. Hæð yfir sjó var reiknuð með forritinu *ell2ele* og nægja þær upplýsingar til að leiðrétta fyrir þyngdaráhrifum tungls og sólar. Mældar hæðarbreytingar 2000 til 2002 voru notaðar til að leiðrétta mælda þyngd og reikna þyngdarbreytingar á Hengilssvæðinu – aðrar en þær sem verða vegna breytinga á landhæð.

### 3.3 Yfirlit yfir úrvinnslu mælinga

Helstu forskriftir og aðgerðir við úrvinnslu þyngdarmælinganna eru taldar í töflu 3 og eftirfarandi listi gefur yfirlit um úrvinnslu mælinganna.

1. Tækishæðir skráðar í mælibók eru bornar saman við tækishæðir skráðar í mælitæki. Mælingum hvers dags er skipt niður í mæliferðir. Kannað er hvort einhverjir álestrar sýni stór frávik frá stöðvarmedaltali (við úrvinnsluna er sleppt álestrum 9. júlí kl. 12:58 og 31. júlí kl. 13:27).
2. Gerð er skráin `gravos.gra`. Það er tækistafla fyrir Scintrex þyngdarmælinn byggð á upplýsingum frá framleiðanda um að tækisfastinn (scale factor) sé 1,000000.
3. Gerð er skráin `gravos.grb`. Hún geymir upplýsingar um stöðvar með þekkttri þyngd (litið er á þyngd í stöð HH45 sem þekkt og óbreytta frá árinu 2000).
4. Gerð skrá `gravos.gre`. Hún geymir upplýsingar um hæð og legu óþekkttra þyngdarmælistaða. Hnit eru sótt í niðurstöður síðustu GPS-mælinga og hæðir eru reiknaðar með forriti *ell2ele*.
5. Þyngd óþekkttra mælistöðva í hverri mæliferð er reiknuð með forritinu *gravos*. Upplýsingar í úttaki *gravos* eru notaðar til að bæta upphafsgildum um þekkttra þyngd í stöðvum HH23 og V2424 í skrána `gravos.grb`. Forritið *gravos* er notað á ný til að reikna allar óþekktar stöðvar. Formúlur kenndar við Longman til að leiðrétta fyrir áhrifum tungls og sólar eru innbyggðar í forritið (Gunnar Þorbergsson o.fl. 1984; Longman 1959).
6. Mælingum er jafnað með forritinu *gnet*. Þá fást betri upplýsingar um þyngd í stöðvum HH23 og V2424. Skráin `gravos.grb` er síðan uppfærð.
7. Þyngd í mælistöðvum í hverri mæliferð er reiknuð aftur með forritinu *gravos*. Í viðauka 1 eru mælingarnar (stöðvarmedaltöl) gefnar ásamt niðurstöðum úr hverri mæliferð.
8. Mælingum er jafnað aftur með forritinu *gnet*. Niðurstöður eru gefnar í töflu 4.

Tafla 3: Helstu forskriftir við úrvinnslu þyngdarmælinga.

| Forrit  | Höfundur | Aðgerð   |
|---------|----------|--|
| idump   | ??       | Les gögn úr minni þyngdarmælis.                                  |
| scigrr  | IPM      | Skráir álestra í tímaröð, breytir 'gervi'númerum í stytta heiti. |
| grrcut  | IPM      | Velur gögn og/eða hafnar gögnum úr einni mæliferð.               |
| grrave  | IPM      | Reiknar stöðvarmedaltöl í einni mæliferð.                        |
| gravos  | GP       | Reiknar út úr einni mæliferð.                                    |
| gnet    | GP       | Jafnar mælingum í þyngdarneti.                                   |
| ell2ele | GP       | Reiknar hæð yfir sjó samkvæmt hæð yfir sporvölu.                 |
| psmap   | GP       | Teiknar myndir í þessari skýrslu.                                |

### 3.4 Niðurstöður og þyngdarbreytingar 2000–2002

Niðurstöður jöfnunar með forritinu *gnet* eru færðar í töflu 4. Þar er miðað við að þyngd í stöð HH45 á Mosfellsheiði sé óbreytt frá árinu 2000 en grunnstöð þyngdarmælinga á Skólavörðuholti í Reykjavík reiknuð sem óþekkt stöð. Þetta er gert til að draga fram breytingar sem verða á vinnslusvæðum Orkuveitu Reykjavíkur. Eðlilega er stærsta meðalskekkja 0,012 mgal í stöðvum HH25 og NV16, en þar er aðeins mælt einu sinni. Í öðrum stöðvum er meðalskekkja minni en 0,010 mgal ( $1\text{mgal} = 10^{-5}\text{m/sek}^2$ ). Athugið að í töflu 4 tákna N fjölda uppstillinga í mælistöð en í viðauka 1 tákna N fjölda álestra í hverri uppstillingu.

Í töflu 5 eru færðar mældar hæðarbreytingar mælistöðva 2000 til 2002. Upplýsingar um hæðir eru teknar úr skýrslum um GPS-mælingar og gert er ráð fyrir að hæð HH45 sé óbreytt (Gunnar Þorbergsson 2000 og 2002). Breyting á mældum hæðarmun tveggja GPS-mælistöðva á milli ára er (nánast) jöfn breytingu á hæðarmun þeirra yfir sjó. Í töflu 5 er færð reiknuð leiðrétting þyngdar ( $\delta g_f$ ) vegna hæðarbreytingar. Leiðrétting þyngdar í mgal er gefin með  $\delta g_f = -0,30855 \cdot \delta H$  ef hæðarbreytingin,  $\delta H$ , er mæld í metrum. Einnig eru í töflu 5 mæld þyngdarbreyting ( $\Delta g$ ) frá 2000 til 2002 og þyngdarbreyting ( $\Delta g' = \Delta g - \delta g_f$ ) leiðrétt vegna hæðarbreytinga.

Mynd 2 sýnir breytingar á mældri þyngd á Hengilssvæði frá 2000 til 2002 og mynd 3 sýnir breytingar á þyngd ( $\Delta g'$ ) ef hún er leiðrétt vegna hæðarbreytinga (sjá töflu 5). Af myndinni sést að á austanverðri Hellisheiði og frá Nesjavöllum í átt að Ölfusvatni hækka þyngd um 0,050–0,060 mgal. Vestan Hengils hækka þyngd um 0,020–0,030 mgal.

Breytingarnar voru kannaðar með t-Student tölfræðiprófun. Fyrst er sett er fram tilgáta um að ekki hafi orðið þyngdarbreytingar frá 2000 – 2002 ( $H_0 : g_{2000} = g_{2002}$ , frívídd 22) og gerð t-prófun. Reiknað er  $t_0 = 2,36$  en ef flett er upp í tölfræðitöflum (Chatfield, 1978) þá fæst  $t_{0.025,22} = 2,07$ . Því er tilgátunni ( $H_0$ ) hafnað með 95% líkum. Um þyngd, sem er leiðrétt vegna hæðarbreytinga, gildir hins vegar: Sett er fram tilgátan um að ekki hafi orðið breytingar á þyngd, sem er leiðrétt vegna hæðarbreytinga ( $H_0 : \Delta g' = 0$ , frívídd 17). Reiknað er  $t_0 = 1,75$  en samkvæmt töflum er  $t_{0.025,17} = 2,11$ . Því eru 95% líkur á að seinni tilgátan ( $H_0$ ) sé sönn og ekki hafi orðið marktækar breytingar á þyngd, þegar gerðar hafa verið leiðréttingar vegna hæðarbreytinga, frá 2000 til 2002.

Við GPS-mælingar vorið 2002 var gerð tilraun til að mæla nokkrar langar línur á milli stöðva fjarri alfaraleiðum; meðal þessara stöðva eru t.d. HH23 við Draugatjörn og 7143 á Kambabrún. Við þyngdarmælingarnar var reynt að leggja áherslu á mælingar í þessum stöðvum. Reynslan sýnir að það tekur of langan tíma að aka – eða jafnvel ganga – að þessum stöðum. Betra að gera þyngdarmælingar í stöðvum við þjóðbraut og mæla þaðan einu sinni eða tvisvar til GPS-stöðva utan alfaraleiða.

Tafla 4: Niðurstöður þyngdarmælinga 2002.

| Stöð  | Breidd      | Lengd       | Hæð<br>(m) | Þyngd<br>(mgal) | Meðal-<br>skekka | N  |
|-------|-------------|-------------|------------|-----------------|------------------|----|
| 5451  | 64°08'35,9" | 21°55'36,1" | 36,8       | 982258,846      | 0,005            | 9  |
| 7078  | 64°03'33,4" | 21°27'09,4" | 253,4      | 982205,779      | 0,010            | 2  |
| 7097  | 64°03'46,6" | 21°20'06,6" | 456,9      | 982157,718      | 0,010            | 2  |
| 7143  | 64°00'08,3" | 21°14'56,7" | 302,4      | 982188,385      | 0,006            | 8  |
| 7274  | 64°05'40,1" | 21°16'00,7" | 310,8      | 982185,573      | 0,006            | 4  |
| 7315  | 64°06'15,3" | 21°16'49,9" | 336,4      | 982181,590      | 0,006            | 6  |
| 7393  | 64°03'32,0" | 21°14'52,8" | 363,5      | 982179,026      | 0,006            | 4  |
| 7399  | 64°02'57,5" | 21°16'08,5" | 397,8      | 982171,802      | 0,008            | 3  |
| 7402  | 64°02'11,0" | 21°17'16,8" | 340,7      | 982184,404      | 0,009            | 2  |
| 7404  | 64°01'12,2" | 21°16'52,2" | 334,6      | 982185,061      | 0,006            | 9  |
| 7531  | 64°00'53,3" | 21°11'19,2" | 72,0       | 982242,042      | 0,009            | 2  |
| 7535  | 64°01'32,0" | 21°12'45,9" | 88,3       | 982235,732      | 0,009            | 2  |
| AU216 | 64°06'51,3" | 21°06'33,0" | 116,1      | 982230,844      | 0,005            | 7  |
| DU25  | 64°04'37,6" | 21°10'10,8" | 355,1      | 982176,164      | 0,009            | 2  |
| H1401 | 64°00'21,8" | 21°11'14,1" | 64,8       | 982242,535      | 0,006            | 4  |
| HH04  | 64°01'13,4" | 21°19'20,3" | 354,8      | 982179,290      | 0,010            | 2  |
| HH09  | 64°01'10,5" | 21°22'34,2" | 355,9      | 982178,033      | 0,008            | 3  |
| HH15  | 64°01'31,6" | 21°24'54,1" | 267,5      | 982197,109      | 0,006            | 6  |
| HH19  | 64°02'27,3" | 21°24'11,5" | 256,5      | 982202,992      | 0,008            | 3  |
| HH22  | 64°03'17,5" | 21°26'23,6" | 256,2      | 982205,394      | 0,007            | 4  |
| HH23  | 64°03'05,0" | 21°24'50,1" | 257,1      | 982203,706      | 0,005            | 16 |
| HH25  | 64°04'00,1" | 21°25'01,1" | 245,7      | 982207,625      | 0,012            | 1  |
| HH38  | 64°07'27,5" | 21°18'34,7" | 366,4      | 982179,416      | 0,006            | 5  |
| HH43  | 64°07'19,3" | 21°23'17,4" | 312,9      | 982192,819      | 0,004            | 9  |
| HH45  | 64°07'12,6" | 21°25'18,1" | 319,5      | 982191,190      | FAST             | 31 |
| HH46  | 64°03'01,7" | 21°22'36,4" | 313,6      | 982189,164      | 0,009            | 2  |
| HH47  | 64°02'09,6" | 21°22'16,4" | 388,2      | 982168,095      | 0,009            | 3  |
| HH49  | 64°02'30,9" | 21°19'13,1" | 368,9      | 982175,559      | 0,010            | 2  |
| HH52  | 64°00'46,2" | 21°15'25,2" | 301,8      | 982191,186      | 0,009            | 2  |
| HH61  | 63°59'45,0" | 21°11'50,0" | 36,2       | 982247,534      | 0,010            | 2  |
| HH76  | 64°03'03,7" | 21°18'00,7" | 359,3      | 982177,675      | 0,007            | 4  |
| HH77  | 64°02'32,5" | 21°27'41,7" | 290,2      | 982196,705      | 0,010            | 2  |
| HH85  | 64°03'45,9" | 21°12'16,3" | 383,5      | 982172,094      | 0,008            | 3  |
| HH90  | 64°05'15,6" | 21°09'16,1" | 270,4      | 982193,298      | 0,009            | 2  |
| NE058 | 64°07'13,1" | 21°14'06,5" | 142,9      | 982224,921      | 0,005            | 8  |
| NV10  | 64°06'53,5" | 21°16'07,2" | 301,4      | 982189,556      | 0,004            | 10 |
| NV16  | 64°07'40,0" | 21°11'08,1" | 130,3      | 982226,809      | 0,011            | 1  |
| NV33  | 64°06'36,2" | 21°15'09,4" | 167,5      | 982217,098      | 0,006            | 4  |
| NV35  | 64°06'45,1" | 21°17'27,3" | 364,4      | 982176,927      | 0,007            | 3  |
| V2417 | 64°01'34,0" | 21°26'39,5" | 278,1      | 982197,105      | 0,010            | 2  |
| V2424 | 64°03'27,8" | 21°29'59,7" | 233,5      | 982207,109      | 0,004            | 26 |


Tafla 5: Leiðréttingar og breytingar 2000–2002.

| Stöð   | $\delta H$<br>(m) | $\delta g_f$<br>(mgal) | $\Delta g$<br>(mgal) | $\Delta g'$<br>(mgal) |
|--------|-------------------|------------------------|----------------------|-----------------------|
| 5451   |                   |                        | 0,096                |                       |
| 7274   | -0,008            | 0,003                  | -0,003               | -0,006                |
| 7315   | -0,006            | 0,002                  | -0,005               | -0,007                |
| 7393   | 0,003             | -0,001                 | -0,006               | -0,005                |
| 7399   | -0,003            | 0,001                  | -0,022               | -0,023                |
| 7402   | 0,002             | -0,001                 | 0,027                | 0,028                 |
| 7404   | 0,016             | -0,005                 | 0,004                | 0,009                 |
| AU216  | -0,012            | 0,004                  | 0,062                | 0,058                 |
| H1401  | 0,020             | -0,006                 | 0,082                | 0,088                 |
| HH04   | 0,000             | 0,000                  | -0,039               | -0,039                |
| HH09   | 0,005             | -0,002                 | -0,011               | -0,009                |
| HH15   | -0,001            | 0,000                  | 0,012                | 0,012                 |
| HH19   | 0,003             | -0,001                 | 0,024                | 0,025                 |
| HH22   |                   |                        | 0,029                |                       |
| HH38   |                   |                        | -0,020               |                       |
| HH43   | -0,018            | 0,005                  | 0,003                | -0,002                |
| HH45   | 0,000             | 0,000                  | 0,000                | 0,000                 |
| HH52   | 0,023             | -0,007                 | 0,018                | 0,025                 |
| LM0305 | 0,032             |                        |                      |                       |
| LM0365 | 0,034             |                        |                      |                       |
| NE058  | -0,008            | 0,003                  | 0,052                | 0,049                 |
| NV04   | -0,004            |                        |                      |                       |
| NV10   | -0,009            | 0,003                  | 0,001                | -0,002                |
| NV16   |                   |                        | 0,070                |                       |
| NV33   | -0,018            | 0,006                  | 0,032                | 0,026                 |
| NV35   |                   |                        | -0,010               |                       |

$\delta H$  Mæld hæðarbreyting 2000–2002.  
 $\delta g_f$  Leiðrétting þyngdar vegna hæðarbreytingar.  
 $\Delta g$  Mæld þyngdarbreyting 2000–2002.  
 $\Delta g'$  Þyngdarbreyting 2000–2002,  
leiðrétt vegna hæðarbreytingar.

# Þyngdarbreytingar 2000–2002

[miðað við óbreytta þyngd á Mosfellsheiði, HH45]




64|05  
21|30

64|00  
21|30


Mynd 2: Þyngdarbreytingar 2000–2002. Miðað er við óbreytta þyngd í stíð HH45 á Mosfellsheiði.

### Þyngdarbreytingar 2000–2002 Leiðrétt vegna hæðarbreytinga, óbreytt þyngd í mælistöð HH45



64|05  
21|30

### Ólkelduháls



64|00  
21|30

Mynd 3: Þyngdarbreytingar 2000–2002. Leiðrétt vegna hæðarbreytinga. Óbreytt hæð og þyngd í stöð HH45 á Mosfellshéiði.

## 4 Heimildir

Chatfield C. 1978: *Statistics for technology*. London, 370 s.

Gunnar Þorbergsson, Ingvar Þór Magnússon, Ásgeir Gunnarsson, Gunnar V. Johnsen og Axel Björnsson 1984: *Landmælingar og þyngdarmælingar á Hengilssvæði 1982 og 1983*. Orkustofnun. OS-84003/VOD-03, 58 s.

Gunnar Þorbergsson og Guðmundur H. Vigfússon, 1998: *Nesjavallaveita. Fallmælingar og GPS-mælingar á Hengilssvæði 1998*. Orkustofnun. OS-98060, 37 s.

Gunnar Þorbergsson, 1999: *Nesjavallaveita. GPS-mælingar og mælingar yfir sprungur á Hengilssvæði 1999*. Orkustofnun. OS-99077, 18 s.

Gunnar Þorbergsson, 2000: *Nesjavallaveita. GPS-mælingar á Hengilssvæði í maí 2000 og vatnsborðsmælingar á Þingvallavatni*. Orkustofnun. OS-2000/035, 22 s.

Gunnar Þorbergsson, 2001: *Nesjavallaveita. GPS-mælingar á Hengilssvæði í maí og júní 2001*. Orkustofnun. OS-2002/050, 28 s.

Gunnar Þorbergsson, 2002: *Nesjavallaveita. GPS-mælingar á Hengilssvæði í maí og júní 2002*. Orkustofnun. OS-2002/031, 28 s.

Hjálmar Eysteinnsson, 1998: *Þyngdarmælingar á Nesjavöllum og Hengilssvæði árið 1998*. Orkustofnun. OS-98067, 50 s.

Ingvar Þór Magnússon, 2001: *Þyngdarmælingar á Hengilssvæði árið 2000*. Orkustofnun. OS-2001/004, 19 s.

Longman, I. M. 1959: *Formulas for computing the tidal acceleration due to the moon and the sun*. Journal of Geophysical Research, no. 64, 2351–2355.

# Viðauki 1: Þyngdarmælingar 2002

Þyngdarmælingarnar voru skráðar í mælibækur og tölvuskrár. Hér eru mælingarnar teknar saman í töflur, eina fyrir hverja mæliferð. Nokkra daga voru mæliferðirnar fleiri en ein.

Skýringar:

|          |   |
|----------|---|
| Stöð     | Stytt heiti mælistöðvar.  |
| *        | Mælistöð hefur þekkta þyngd.  |
| Tími     | Tími mælingar (meðaltal).   |
| Hæð      | Tækishæð í metrum.  |
| Álestur  | Meðaltal N álestra.   |
| $\sigma$ | Staðalfrávik meðaltals N álestra.   |
| N        | Fjöldi álestra.<br>Mæling er gerð á 1 sek fresti, álestur er meðaltal 60 mælinga.                       |
| Þyngd    | Þyngd í mælistöð fyrir jöfnun,<br>reiknuð með aðferð minnstu kvaðrata út frá mælingum í einni mæliferð. |
| Frávik   | Frávik mældrar þyngdar frá reiknuðu gildi.  |
| Rek      | Rek þyngdarmælis.   |

Mæliferð 1

11. júní 2002

| Stöð  | Tími  | Hæð   | Álestur  | $\sigma$ | N | Þyngd      | Frávik |
|-------|-------|-------|----------|----------|---|------------|--------|
| 5451  | 15:10 | 0,126 | 6866,277 | 0,007    | 7 | 982258,848 | 0,000  |
| HH45* | 15:58 | 0,129 | 6798,633 | 0,007    | 7 | 982191,190 | -0,004 |
| 5451  | 16:45 | 0,128 | 6866,326 | 0,007    | 7 | 982258,848 | 0,009  |
| HH45* | 17:34 | 0,127 | 6798,681 | 0,007    | 6 | 982191,190 | -0,006 |
| 5451  | 18:14 | 0,125 | 6866,362 | 0,006    | 7 | 982258,848 | -0,005 |
| HH45* | 18:57 | 0,134 | 6798,741 | 0,007    | 6 | 982191,190 | 0,010  |
| 5451  | 19:39 | 0,128 | 6866,407 | 0,006    | 8 | 982258,848 | -0,004 |

Rek: -0,00007 mgal/klst Stærsta frávik: 0,010 mgal



| Stöð   | Tími  | Hæð   | Álestur  | $\sigma$ | N | Þyngd      | Frávik |
|--------|-------|-------|----------|----------|---|------------|--------|
| V2424* | 12:54 | 0,125 | 6816,111 | 0,005    | 4 | 982207,109 | 0,003  |
| HH77   | 13:18 | 0,120 | 6805,700 | 0,007    | 4 | 982196,695 | 0,002  |
| V2417  | 13:37 | 0,109 | 6806,105 | 0,007    | 4 | 982197,095 | 0,000  |
| HH15   | 13:58 | 0,130 | 6806,100 | 0,006    | 4 | 982197,096 | -0,004 |
| HH09   | 14:20 | 0,130 | 6787,026 | 0,005    | 4 | 982178,021 | -0,008 |
| HH04   | 14:39 | 0,138 | 6788,298 | 0,005    | 4 | 982179,281 | -0,001 |
| 7404   | 15:00 | 0,110 | 6794,078 | 0,005    | 4 | 982185,042 | 0,000  |
| HH04   | 15:18 | 0,138 | 6788,316 | 0,005    | 4 | 982179,281 | 0,001  |
| HH09   | 15:34 | 0,129 | 6787,074 | 0,005    | 4 | 982178,021 | 0,008  |
| HH15   | 15:52 | 0,138 | 6806,152 | 0,005    | 4 | 982197,096 | 0,004  |
